



HLÍÐARBRAUT



183 m² Verð 64,9 millj.

Tvílyft einbýlishús á eftirsóttum stað í Suðurbænum. Hellulagt bílplan með hitalögn, timburverönd með skjólgirðingu.

SKÚLASKEIÐ



80 m² Verð 35,9 millj.

Falleg 2-3 herb. íbúð á 2. hæð. Aukaherbergi í kjallara. Frábært útsýni. Róleg og góð staðsetning í göngufæri við bæinn.

BURKNAVELLIR



201 m² Verð 85,9 millj.

Glæsilegt arkitekta hannað einbýlishús á einni hæð, einstök staðsetning í jaðri byggðar við Ástjörmina.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983



-stöðin

TAXI

Hafnirfska leigubílastöðin

520 1212



Hádegisréttir og helgarbröns

MATHÚS BAR
VON
Strandgata 75 | 583 6000 | vonmathus.is

Rúða brotin og flugeldi skotið inn í eldhús

Skemmdir unnar á Hæfingarstöð fatlaðra við Bæjarhraun

Hún var ófögur aðkoman fyrir starfsfólk Hæfingarstöðvar fatlaðra við Bæjarhraun þegar það kom til vinnu á þriðjudagsmorgunn. Rúða hafði verið brotin og stórum flugeldi hafði verið skotið inn í eldhúsið. Töluverðar skemmdir urðu, dúkur og loftplötur skemmdar af bruna, sót út um allt og ýmsir smáhlutir ónýtir.

Viðvörunarkerfi fór af stað við reykinn og fékk Neyðarlínan tilkynningu 59 mínútum eftir miðnætti. Slökkvilið mætti á staðinn og reykkræsti

en enginn eldur kviknaði. Víða var þó sviðið eftir flugeldinn. Mikil mildi þykir að ekki fór verr en starfsfólki var

mjög brugðð og varð að fella niður starfsemi fyrri hluta dags á meðan hreinsað var. Sjá nánar á bls. 5.



Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Súrdeigsbrauðin okkar eru alvöru

- ◆ Heilkorna
- ◆ 100% spelt
- ◆ Sykurlaus
- ◆ Gerlaus
- ◆ Ólíulaus

Jón Arnláus
KÖKULIST



Kökulist, verslunarmiðstöðinni Firði

Bílaverkstæði Högna



Allar almennar bílaviðgerðir
Hjólástillingar

Trönuhrauni 2
(Hjallahraunsmegin)
sími 555 2622

ÚTSALAN í fullum gangi



Fylgstu með okkur á Facebook



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmíðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði


Fríkirkjan fær að stækka safnaðarheimilið



Tekningar: Helgi Hafliðason arkitekt

Skipulags- og byggingarráð hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar Linnetsstígs 6 sem gerir ráð fyrir töluverðri stækkun á safnaðarheimili Fríkirkjunnar. Tillagan var auglýst, grenndarkynnt og til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar frá 07.11. til 19.12. 2017. Engar athugasemdir bárust.

Tillaga Helga Hafliðasonar gerir ráð fyrir að húsið verði lengt verulega til vesturs en með stækkuninni á að bregðast við mikilli aukningu á safnaðarstarfi og bæta aðgengi fatlaðra.



Úr skipulagstillögu



Víðistaðakirkja

Sunnudagur 14. janúar

Guðspjónusta í Vídalínskirkju í Garðabæ kl. 14

fyrir eldri borgara í Víðistaðasókn, Garðasókn og Bessastaðasókn.

Gaflarakórinn syngur

undir stjórn Kristjónu Þórdísar Ásgeirsdóttur.

Organisti: Helga Þórdís Guðmundsdóttir

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson

Kaffveitingar og skemmtidagskrá í safnaðarheimili Vídalínskirkju að messu lokinni í boði Garðasóknar.

Sunnudagaskólinn kl. 11

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá.

Hressing í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is

leiðarinn



Þegar allt virðist vera að fara á verri veg, stríðsátök, ósætti, misrétti og mannvonska tröllrída heiminum þá gleður það hjartað að fólk skeri upp herör gegn órétti og mannvonsku. „Me too“

átakið hefur snert marga og örugglega breytt viðhorfi manna og orðið þannig til góðs. Sumum finnst of langt gengið en stundum þarf að ganga langt svo mark sé tekið á.

En í orðræðunni ræður ofsinn víða ríkjum og fólk er útmálað og jafnvel heilu stéttimar eru útmálaðar. Kirkjan hefur mátt þola gríðarlega harða gagnrýni vegna, kannski, klaufalegra orða biskups eða presta. Kirkjur landsins standa opnar öllum og þar er kærleikur boðaður. Hvernig getur fólk staðið gegna þeim sem boða kærleik? Fjölbreytt starf er í kirkjum landsins þar sem reynt er að stuðla að friði og vellíðan fólks. Starfsfólk kirkjunnar aðstoðar fólk á erfiðum stundum og veitir þjónustu fyrir þá sem þess óska. Hin íslenska þjóðkirkja sem stofnun og aðrir söfnuðir þurfa sífellt að meta sitt starf og tryggja að ekkert fari úrskeiðis. Því má þó ekki gleyma að það er fólk í kirkjunum sem mótast starfið með þátttöku sinni og veitir það aðhald sem þarf. Sífellt herðir að kirkjum og nú þykir sjálfsagt að kosta tvo yfirbyggða fótboltavelli en ekki að stöðja við uppbyggingu á kirkju eins og áður tíðkaðist.

Víð búum víða við ömurlegt viðskiptasiðferði. Það þykir sjálfsagt að standa ekki við skuldbindingar sínar og kennitöluflokkurum er jafnvel hampað. Upplýsingar um fyrirtæki eru í lokuðum skráum sem þarf að kaupa aðgang að í stað þess að hafa hann galoppinn eins og í Danmörku t.d. sem veitir aðhald. Fyrirtæki geta haldið áfram rekstri þó það geti ekki staðið við skuldbindingar og hafi jafnvel fengið á sig ítrekuð árangurslaus fjárnám. Aukinn aðgangur að upplýsingum gefur fólki möguleika á að beina viðskiptum sínum við fyrirtæki sem hafa viðskiptasiðferði í heiðri og standa við sínar skuldbindingar. Þessar upplýsingar eiga ekki að vera gullkista fyrir einstök fyrirtæki sem selja þessar upplýsingar áfram dýrum dómum. Vonandi verður einhvern tíma hrundið af stað átaki þar sem upplýst verður um spillingu og lélega viðskiptahætti. Þá get ég sagt „Me too!“

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristin Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

Fríkirkjan
í Hafnarfirði

Sunnudagur 7. janúar:

Sunnudagaskóli kl. 11

Guðspjónusta kl. 13

Kór og hljómsveit kirkjunnar leiðir sönginn.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

HAFNARFJARÐARKIRKJA

Sunnudagur 14. janúar

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

Miðvikudagur 17. janúar

Morgunmessa kl. 8.15

Léttur morgunverður á eftir.

TTT, Tíu Til Tólf ára starf, hefst aftur **11. janúar** og er **alla fimmtudag kl. 17-18.**

Barna- og unglingskórar.

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

Róbert Ísak fékk sjómannabikarinn

Hinn 16 ára Hafnfirðingur fékk sjómannabikarinn þriðja árið í röð

Nýársundmót Íþróttasamband fatlaðra fór fram í innlauginni í Laugardal laugardaginn 6. janúar síðastliðinn. Sundmaðurinn Róbert Ísak Jónsson úr Firði vann þar Sjómannabikarinn þriðja árið í röð en Sjómannabikarinn er veittur þeim sundmanni sem á stigahæsta sund mótisins hverju sinni. Glæsilegur árangur hjá Róberti sem þrátt fyrir ungan aldur varð m.a. heimsmeistari í 200 m fjórsundi á HM í Mexíkó í desembermánuði 2017.

Venju samkvæmt stóðu skátar frá Skátafélaginu Kópum heiðursvörð við mótið og tónlistarflutningur við upphaf og setningu mótisins var glæsilegur hjá Skólahljómsveit Kópavogs. Heiðursgestur mótisins var Lilja Alfreðsdóttir íþrótt-, mennta-, og menningarmálaráðherra.

Sigur Róberts á mótinu var athyglisverður en þetta var í þriðja sinn í röð sem hann vinnur Sjómannabikarinn og þar með er hann kominn í fámennan



Róbert Ísak Jónsson með Sjómannabikarinn.

úrvalshóp þar sem aðeins Birkir Rúnar Gunnarsson, Gunnar Örn Ólafsson, Guðrún Sigurðardóttir og Kolbrún Alda Stefánsdóttir hafa unnið Sjó-

mannabikarinn þrjú ár í röð. Sjómannabikarinn í ár hlaut Róbert fyrir 50 m flugsund sem gaf honum 735 stig.



Lilja Alfreðsdóttir íþrótt-, mennta-, og menningarmálaráðherra, Róbert Ísak Jónsson úr Firði ásamt Þórði Arna Hjaltested formanni ÍF.

FRÍSTUNDASTYRKIR HÆKKA FRÁ ÁRAMÓTUM

Mánaðarlega styrkir Hafnarfjarðarbær öll 6 til 18 ára börn í íþróttum, menningar- eða sköpunarnámi og öðrum tómstundum, innan eða utan Hafnarfjarðar, til lækkunar á þátttökugjöldum um 4.000 kr.

Ráðstöfun frístundastyrks fer fram á **MÍNAR SÍÐUR** á hafnarfjordur.is eða heimasíðu viðkomandi félags.

Markmið niðurgreiðslna er að gera börnum með lögheimili í Hafnarfirði kleift að taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfi óháð efnahag fjölskyldna og að efla íþrótt- og annað forvarnastarf.

Nánari upplýsingar á www.hafnarfjordur.is



Útsölur í fullum gangi í Firði

Nú er kjörið að gera góð kaup í miðbæ Hafnarfjarðar

Útsölur eru nú í fullum gangi í verslunarmiðstöðinni Firði sem og í flestum verslunum í bænum.

Júník Outlet er t.d. með 4 verð á fötum, 500, 1.000, 2.000 og 3.000 kr. og þar ætti því að vera hægt að gera góð kaup.

Smart Boutique býður öll sólgleraugu á 500 kr. sem áður kostuðu 1.990 til 5.990 kr.

30-60% afsláttur er af skóm í Skóhöllinni en algengt er að boðinn sé 30% afsláttur í verslunum og meira af völdum vörum. Það þarf ekki að fara lengra en í miðbæ Hafnarfjarðar til að gera góð kaup.

Í hlýjunni í Firði eru fjölmargar verslanir, Augastaður, Kókulist, Lyf og heilsa, Herra Hafnarfjörður, My Pet, Pósturinn og Burgers eru á fyrstu hæð-

inni en á annarri hæðinni eru fjölmargar verslanir t.d. Kona, Silfur, Skóhöllin, Carter, Beauty Salon, Úr og gull, Basic, Strigaprent, Leikfangaland, Smart Boutique, Betri bílakaup, Body Zone, Smart Beds og Kósý hornið.

Guðmundur Bjarni Harðarson, framkvæmdastjóri í Firði tekur vel á móti öllum gestum!



Ellefu km styttri leið á skíðasvæðin án vetrarþjónustu!

Hvar er þrýstingur bæjaryfirvalda á Vegagerðina?

Hafnarfjarðarbær er aðili að Skíðasvæðunum í Bláfjöllum og á einn fulltrúa í stjórn.

Um 38 km leið er frá nýju mislægu gatnamótunum við Krýsuvíkurveg upp í skíðasvæðin en 11 km styttra er að fara Bláfjallavegin frá Krýsuvíkurvegi en þar er einn galli á gjöf Njarðar. Það er engin vetrarþjónusta á veginum og fólk ekur hann því á eigin ábyrgð. Oftast er leiðin greið en á tiltölulega

svæðanna, hefur á síðasta einu til tveimur árum náðst góð samstaða í stjórn skíðasvæðanna sem ekki alltaf hefur verið. Stefnumótunarvinna hefur verið í gangi með verkfræðistofu og segir Pétur að á næstunni megi búast við fyrstu tillögum til uppbyggingar.

Mikið hefur verið rætt um snjóframleiðslu og að sögn Péturs hafa heilbrigðisýfirvöld gefið grænt ljós á framkvæmdir og nú stendur á fjár-



Hafnarfjarðarbær setti 26,7 millj. kr. í skíðasvæðin árið 2016.



Variðarskilti eru báðum megin á Bláfjallaveginum í Hafnarfjörð.

stuttum vegakafli fyllist vegurinn stundum af snjó sem gerir hann ófæran a.m.k. minni bílum.

Það munar miklu fyrir Hafnfirðinga, ekki síst íbúa á Völlum að fara syðri leiðina enda sparast heilir 22 kílómetrar í akstri. Það hlýtur að vera áhugaefni fyrir bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að þrýsta á að Vegagerðin sinni lágmarks vetrarþjónustu á veginum til að tryggja aðgang að skíðasvæðinu.

HUGUR Í STJÓRN SKÍÐASVÆÐANNA

Að sögn Péturs Óskarssonar, fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar í stjórn skíða-Griðarleg fjölgun hefur verið á gönguskiðafólki í Bláfjöllum.

magni. Snjóframleiðsla myndi auka nýtingu á svæðinu verulega og fjölga opnunardögum.

RÚTUFERDIR ÚR HAFNARFIRÐI


Brettafélag Hafnarfjarðar hefur fengið Bláfjallarútuna til að leggja

lykkju á leið sína og aka frá Hafnarfirði á æfingardögum snjóbrettadeildarinnar. Fer rútan kl. 15.45 frá húsnæði Brettafélagsins, Flatahrauni 24, á þriðjudögum og fimmtudögum þegar skíðasvæðið er opið. Aðra daga er hægt að fara í rútna við Olís í Mjódd kl. 16.15 virka daga og kl. 12.40 um helgar. Ekið er til baka frá Bláfjöllum kl. 21.05 virka daga og kl. 17 um helgar. Sjá nánar á teitur.is

ER VILJI Í HAFNARFIRÐI?

Kallað er eftir upplýsingum frá bæjarfulltrúum í Hafnarfirði um það hvort þeir hafi þrýst á Vegagerðina um snjómokstur á Bláfjallaveginum frá Krýsuvíkurvegi og hvort stefna sé tekin í að efla þjónustu við hafnfirskt skíða-fólk.

Það telst varla umhverfisvænt að láta bæjarbúa aka yfir 20 km lengri leið á skíðasvæðin.



Skemmdir hjá fötluðum

Framhald af forsiðu:

Flugeldurinn sprakk inni í eldhúsinu og það hefði auðveldlega getað kviknað í en brunaför eru á loftaplötum og á gólfi og veggjum eins og sjá má á myndunum sem þó voru teknar eftir að búið var að hreinsa mesta sótið.

Húsnæðið er í eigu Hafnarfjarðarbæjar og þar fer fram metnaðarfull þjálfun mjög fatlaðra einstaklinga sem hefðu getað misst mikið ef kviknað hefði í húsnæðinu.



Skemmdir á gólfi, veggjum og lofti.

Nýr umhverfis- og veitustjóri

Nýtt embætti hjá Hafnarfjarðarbæ

Guðmundur Eliasson hefur verið ráðinn umhverfis- og veitustjóri hjá Hafnarfjarðarbæ. Þetta er nýtt embætti sem sinnir vatnsveitu, fráveitu og umhverfismálum.

Guðmundur er með víðtæka stjórnunarreynslu á sviði umhverfismála, mannvirkjagerðar og veitustjurs og hefur starfað sem yfirmaður umhverfismála, framkvæmda- og veitusviða í Árborg og Fjarðabyggð.

Guðmundur er með meistaraáráðu í iðnaðar- og rekstrarverkfræði við Álaborgarháskóla frá árinu 1993 og B.Sc. bakkaláráðu í véltækni frá Odense Teknikum. Þá stundaði hann nám við Vélskóla Íslands á árunum 1979 til 1983.

Umhverfis- og veitustjóri fer fyrir umhverfis- og auðlindamálum en undir



Guðmundur Eliasson

þau falla meðal annars vatnsveita og fráveita, nýting náttúruauðlinda og fleira því tengt. Hjá veitum Hafnarfjarðarbæjar starfa 6 starfsmenn.

Náðu til Hafnfirðinga
sími 565 4513 - 896 4613 | gudni@fjardarfrettir.is



FRAMTÍÐIN ER
.origo.

FRAMTÍÐIN ER UPPLÝSINGATÆKNI

Nýherji og dótturfélagin **Applicon** og **TM Software** hafa sameinast undir nafninu **Origo**.

Við virkjum hugvit starfsfólks til að efla árangur viðskiptavina, veitum framúrskarandi þjónustu og bjóðum snjallar lausnir.

origo.is

SMÁUGLÝSINGAR

Þjónusta

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Getum bætt við okkur nýjum viðskiptavinum

skattframtöl	ársreikningar	umsjón húsfélaga
bókhald	launaumsjón	virðisaukaskattsuppgjör



Bókhalds

STOFAN

BÆJARHRAUNI 10, HAFNARFIRÐI

Magnús Waage
viðurkenndur bókari,
framkvæmdastjóri
GSM 863 2275

Bæjarhrauni 10
220 Hafnarfirði
Sími 565 2189
bokhaldsstofan.is

Í góðæri má ekki gleyma ...

Á Íslandi ríkir góðæri. Þá viljum við gjarnan fara að gera og græja. Við leiðum hjá okkur varnaðarorð og fjárfestum jafnvel um efni fram. Innst inni vitum við þó að skjótt geta veður skipast í lofti og viðbúið að það sigi á ógæfuhliðina ef ekki er haldið skynsamlega á málum. Þetta á við bæjarfélög rétt eins og heimili.

MÍNUS EÐA PLÚS


Nú er bókhald Hafnarfjarðarbæjar í plús. Það var líka í plús árið 2016 en árið 2015 var stór mínus. Ástæðan er ekki svo einföld að bærinn hafi verið verr rekinn árið 2015 en 2016, heldur voru það ytri aðstæður sem þar réðu mestu. Það eitt hvort ytri efnahagsaðstæður eru hagfelldar eða óhagfelldar getur haft mikil áhrif á rekstur bæjarfélags rétt eins og heimila.

Og þegar bókhaldið er í plús er farið að gera og græja. Enda víða tímabært. Niðurskurður á fyrri hluta kjörtímabilsins setti mark sitt á viðhald eigna bæjarins, framkvæmdir, aðstöðu og

framlög til skólamála, svo eitthvað sé nefnt.

En bókhaldið er ekki bara í plús heldur eru líka kosningar framundan. Mörgu af því sem verið er að gera og

græja má líkja við skjótfenginn gróða. Verkefni sem hægt er að klára á stuttum tíma, eru íbúunum sýnileg og líkleg til vinsælda. Margt góð og gild verkefni, en ef horft er til heildarhagsmuna bæjarbúa hefði annað mátt ganga fyrir.



Adda María Jóhannsdóttir

SKORTUR Á FYRIRHYGGJU OG

RÁÐDEILD

Ég sakna þess til dæmis að í góðæri hafi dregist svo mikið sem raun ber vitni að hefja uppbyggingu í Skarðshlíð. Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands hefur íbúafjöldun í Hafnarfirði verið hægari en í nágrenna-sveitarfélögum þrátt fyrir að hér hafi verið tilbúna lóðir í um áratug. Uppbyggingin hefur farið mjög hægt af stað og áhyggjuþefni hve mörgum lóðum hefur verið skilað.

Bygging nýs hjúkrunarheimilis hefur dregist fram úr hófi þar sem fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar ákváðu að stöðva framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili á Völlum og byrja frá grunni á öðrum stað.

Það er líka illskiljanlegt hvers vegna leikskólum og leikskóladeildum var lokað á þessu kjörtímabili frekar en nýta tækifærið til að lækka inntökualdur í leikskólum niður í 12 mánuði, eins og bæjarfélög hafa verið að gera í auknum mæli.

Þá vil ég einnig nefna að Hafnarfjörður var fyrsta sveitarfélagið til að innleiða frístundastyrki. Þeir hafa hækkað lítillega en engan veginn í takt við upphaflegar áætlanir og ég sakna þess að ekki hafi verið vilji til að taka myndarlegar á málum þar.

Þetta eru einungis örfá verkefni af þeim sem hefði mátt huga betur að á kjörtímabilinu. Í góðæri má nefnilega ekki gleyma sér í gleðinni – þó hún sé mikilvæg. Það þarf að sýna fyrirhyggju og ráðdeild til lengri tíma og huga að heildarhagsmunum íbúanna.

Höfundur er bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Á DÖFINNI

Jón Thor sýnir

Myndlistarsýningin „Dulhvít fjarlægð“ stendur yfir í SÍM húsinu, Hafnarstræti 16, Reykjavík. Sýningin stendur til 23. janúar og er opin alla virka daga frá kl. 10 til 16. Jón Thor Gíslason er Hafnarfirðingur, lauk námi frá Listaakademíunni í Stuttgart 1994 og hefur síðan þá búið og starfað í Þýskalandi, þar af síðastliðin 20 ár í Düsseldorf.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

...eða notaðu formið á

www.fjardarfrettir.is

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar gaf hjartastuðtæki

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar færði Félagi eldri borgara og félagsstarfinu að Hjallabraut 33 sjálfvirkt hjartastuðtæki sl. föstudag. Klúbburinn hafði áður gefið Félagi eldri borgara sambærilegt tæki til nota í Hraunseli en tækið þar hefur þegar sannað gildi sitt.

Þessu tæki verður komið fyrir í matsal hússins en í húsinu eru íbúðir eldri borgara og einnig félagsstarf.

Það var Guðjón Þ. Þorvaldsson, formaður Lionsklúbbs Hafnarfjarðar sem afhenti Valgerði Sigurðardóttur formanni FEBH og Ólafi Inga Tómasyni, formanni hússtjórnar tækið.

Tækið er keypt fyrir hagnað af sölu Gaflarans sem klúbburinn hefur selt í fjölmörg ár. Tækið er að mestu sjálfvirkt en sá sem notar það þarf aðeins að fylgja fyrirmælum sem tækið spilar fyrir viðkomandi.



Valgerður Sigurðardóttir, Guðjón Þ. Þorvaldsson og Ólafur Ingi Tómasson formaður hússtjórnar.

Betri heilsa á efri árum með aukinni heilsurækt

Hafnarfjörður er heilsueflandi samfélag samkvæmt samningi við Landlæknisembættið en í heilsueflandi samfélagi er lögð áhersla á að vinna með fjóra meginþætti: Hreyfingu, næringu, líðan og lífsgæði. Fyrir liggur að eldri borgurum mun fjölga mikið á næstu árum og ennfremur er ljóst að þróun í þjónustu við þennan hóp á vegum sveitarfélagsins þarf að vera í stöðugri endurskoðun.



Helga Inngólfsdóttir

um líkamsrækt og heilsueflingu fyrir eldri borgara í Hafnarfirði. Um er að ræða tilraunaverkefni í 18 mánuði þar sem þátttakendum býðst gegn vægu gjaldi að taka þátt í alhliða heilsueflingu sem felur í sér markvissa hjálfun undir stjórn fagfólks og ráðgjöf varðandi mataræði. Verkefnið byggir á faglegum grunni dr. Janusar Guðlaugs-sonar sem er Hafnirfjörðingum að góðu kunnur. Hver og einn þátttakandi fær einstaklings miðaða æfingadagskrá sem gerð verður í kjölfar mælinga á þreki, styrk og líkamlegs ástands hvers og eins. Æfingar fara fram í fámennum hópum undir leiðsögn fagfólks. Auk þol- og

styrktaræfinga verður þátttakendum einnig boðið uppá fyrirlestra er snúa að hollu mataræði og lífsstíl. Árangur verkefnisins verður svo metinn sérstaklega.

FRÍSTUNDASTYRKUR TIL NIÐURGREIÐSLU Á LÍKAMSRÆKT

Margvísleg þjónusta er í boði í hreyfingu og félagsstarfi sem öll miðar að því að efla og styðja þennan hóp. Fjöl-margir eldri borgarar nýta sér Hauka-húsið og Frjálsþróttahúsið í Kaplakrika til gönguhreyfingar og Félag eldri borgara heldur úti fjölbreyttri dagskrá. Sundstaðir bæjarins standa til boða án endurgjalds fyrir þennan hóp og fjölbreytt úrval af hreyfingu er í boði hjá fyrirtækjum og fagaðilum þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Frístundastyrkir til niðurgreiðslu á líkamsrækt og hreyfingu standa eldri borgurum til boða og nú um áramótin var styrkurinn hækkaður verulega. Styrkinn má nýta til niðurgreiðslu á líkamsrækt og hreyfingu samkvæmt reglum sem nalgast má á heimasíðu bæjarins.

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

14. jan. kl. 17.30, Ásvellir
Haukar - Fram, úrvalsdeild kvenna

Körfubolti:

17. jan. kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Njarðvík, úrvalsd. kvenna

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Tindastóll: (miðv.dag)
Haukar - Grindavík: 90-78
Þór Ak. - Haukar: 74-96

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Stjarnan: 82-76

Knattspyrna:

17. jan. kl. 18.15, Kórinn
HK/Vikingur - FH, Faxaflóamót kvenna A

ÚRSLIT KVENNA:

FH - Grindavík: 5-1

Það má því horfa björtum augum til ársins 2018 með skýr markmið um að auka hreyfingu og lífsgæði og hér í Hafnarfirði er gott framboð þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Gleðilegt ár kæru Hafnirfjörðingar
Höfundur er bæjarfulltrúi.

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! **Frítt söluverðmat**

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala

RE/MAX

sími 896 6076
as@remax.is

FJÖRÐUR



Ársæll Steinmóðsson
aðst.m. í lögg.námi



Páll B. Guðmundsson
föggiltur fasteignasali

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900

Vandaður tælenskur matur



Tuk Tuk Thai er frábær tælenskur staður í hjarta Hafnarfjarðar sem býður gómsætan mat á góðu verði.

Þar getur þú sest niður í notalegu umhverfi og pantað mat af fjölbreyttum matseðli eða valið tilbúna rétti úr hitaborði. Hægt er að borða á staðnum eða taka með sér heim.



Við tökum á móti stórum sem smáum hópum.

Opíð mán.-lau. 11:30-21:00
sun. 16:00-21:00

Fjarðargata 19
220 Hafnarfirði

Sími: 519 8888
www.tuktukthai.is



ØLSTOFA

◆ HAFNARFJARÐAR ◆

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



Flatahrauni 5a, Hafnarfirði sími 578 0200

Veisla fyrir vinnustadinn
Sólskin í glasi og sælkerasamlökur
 veisla@lemon.is
Lemon

Hönnun & umbrot



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.
 BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR
 hhus@hhus.is | stofnað 1990

Ánægja með sýningu Jóns Thors

Hafnafirðingurinn Jón Thor Gíslason opnaði myndlistarsýningu í SÍM salnum við Hafnarstræti í Reykjavík sl. föstudag. Á sýningunni er hann

bæði með málverk og blýants-teikningar og var almenn hrifning með verk hans. Jón Thor hefur getið sér gott orð sem listamaður í Þýskalandi. Sýn-



Pétrin Pétursdóttir fv. forstöðumaður Hafnarborgar og listamennirnir Kristbergur Ó. Pétursson og Jón Thor Gíslason.



Jón Thor Gíslason við tvö verkanna á sýningunni.

inguna nefnir hann Dulhvíta fjarlægð og var sýningin mjög vel sótt opnunardaginn en hún stendur til 23. janúar. Seldust þegar þó nokkur verkanna á

opnuninni og greinilegur áhugi á verkum hans sem öll eru björt og litrík en samt sveipuð dulúð. Nánar verður fjallað um sýninguna á fjardarfrettir.is

FJARÐAR fréttir



Smelltu á LIKE

og skoðuðu myndir á Facebook síðu Fjarðarfréttu

Allt í einum pakka í Víkingahörpinu – Öðruvísi stemning

Prumandi þorrablót að hætti Víkinga hefjast 19. janúar



Gerum tilboð fyrir hópa í gistingu og mat

Sérreðtamatsedill



Víkingasveitin leikur fyrir matargesti eins og þeim einum er lagið

Pakkatilboð í Víkingastræti

1. Þorrapakki:

Gisting, bjór og þorrahlaðborð
 Víkingasveitin leikur fyrir matargesti
 Tveggja manna herbergi kr. 14.400 á mann

2. Árshátíðarpakki:

Gisting með fordrykk og þriggja rétta hátíðarkvöldverði
 Tveggja manna herbergi kr. 14.900 á mann

3. Sælkerapakki:

Gisting og kvöldverður með þriggja rétta sælkeraveislu
 Tveggja manna herbergi kr. 14.100 á mann

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar
www.fjorukrain.is

ATH. Morgunmatur innifalinn í öllum þökkum. Tilboð gilda til 15 apríl 2018
 Aukanótt í 2ja manna herbergi kr. 5.800, á mann

VIKING village
 Fjörkráin
HOTEL & Restaurants ICELAND



Við kynnum nýjan möguleika í mat og gistingu.

Verið velkomin Hlið á Álfanesi



www.fjorukrain.is - Pantanir: birna@fjorukrain.is / S: 565 1213